

Séra Bolli Gústavsson prestur í Laufási og síðar vígslubiskup á Hólum er landsþekktur fyrir skrif sín, hlaut meðal annars bókmenntaverðlaun AB árið 1982 fyrir æskuminningar sínar, *Vorgöngu í vindhæringi*, sem eru á mörkum ljóðs og prósa.

Árið 1988 sendi Bolli frá sér ljóðabókina *Borðnauta* sem hlaut lof gagnrýnenda. Í *Borðnautum* er ljóðaflokkur er nefnist *Almanaksljóð* og stiklar á helstu messudögum ársins að fornu með stuttum ljóðrænum lýsingum af náttúru, veðri og bústörfum í Laufási við Eyjafjörð, oft með trúarlega vísun. Þessir messudagar – Kóngsbænadagur, Krossmessa, Seljumannamessa svo dæmi séu tekin – marka ekki aðeins rás árstíðanna heldur stika þeir út lífsferil bæði manna og málleysingja. Þessi ljóðaflokkur myndar eina sterka heild – hringrás lífsins, dauða og endurfæðingu náttúrunnar.

Anna S. Þorvaldsdóttir tónskáld hóf ung nám í sellóleik. Á árunum 1997-2003 lærði hún við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar, Tónlistarskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands. Anna hóf tónsmíðanám við Listaháskólann árið 2001 og lauk B.A. prófi þaðan árið 2004. Einnig hefur hún sótt ýmis konar hóp- og einkatíma hjá öðrum tónskáldum hér heima og ytra. Verk hennar hafa verið flutt hér heima og erlendis. Hún hefur samið yfir 40 verk af ýmsum toga og eru nokkur samin að beiðni hljóðfæraleikara og skipuleggjenda ákveðinna verkefna. Anna S. Þorvaldsdóttir stundar nú framhaldsnám við University of California í San Diego í Bandaríkjunum.

Almanaksljóð

Gerður Bolladóttir
sópran

Sophie Marie Schoonjans
harpa

Pamela de Sensi
flauta



Efnisskrá

Gerður Bolladóttir ólst upp á Laufási við Eyjafjörð. Hún byrjaði ung að syngja í kirkjunni hjá prestinum föður sínum, en hóf formlegt söngnám 18 ára gömul við Tónlistarskólann á Akureyri. Hún lauk burtfararprófi í söng undir handleiðslu Sigurðar Demetz Franssonar og stundaði framhaldsnám við Indiana University, School of Music í Bloomington í Bandaríkjunum, þar sem helstu kennarar hennar voru Martina Arroyo og Klara Barlow. Gerður hefur haldið tónleika víðsvegar á Íslandi, Bandaríkjunum, Grænlandi og nú síðast í Færeyjum í júní í sumar. Hún hefur aðallega einbeitt sér að ljóðasöng og kirkjutónlist. Árið 2004 kom út diskurinn *Jón Arason in memoriam* með Gerði og Kára Þormari orgelleikara. Síðasta verkefni hennar var útgáfa á geisladiski með íslenskum þjóðlögum í útsetningum Ferdinand Rauter og Önnu Þorvaldsdóttur.

Sophie Marie Schoonjans lærði hörpuleik við Konunglega tónlistarháskólann í Brussel og útskrifaðist þaðan árið 1984 og ári síðar með próf í kammermúsík. Hún hefur leikið með ýmsum hljómsveitum á ferli sínum, meðal annars Fílharmóníuhljómsveitinni í Hong Kong, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Orchestre du Festival de Bruxelles og verið virkur flytjandi kammertónlistar hér á landi og erlendis.

Pamela De Sensi er fædd árið 1975 í Róm en uppalin í Lamezia Terme á suður Ítalíu. Hún útskrifaðist árið 1998 frá Conservatorio di Musica L. Perosi í Campobasso á Ítalíu og í kammertónlist frá Conservatorio di Musica S. Cecilia í Róm árið 2002. Samtímis sótti hún tíma hjá heimskunnum flautuleikurum svo sem C. Klemm, M. Ziegler, F. Reengli, T. Wye, M. Larrieu og M. Ancillotti. Hún hefur komið fram á fjölda tónleika bæði sem einleikari og í kammerhópum víða á tónlistarhátíðum í Evrópu og Ameríku. Frá árinu 1997 hefur hún spilað með flautukvartettinum Horus Ensemble og frá 1998 í tríóinu Shéhérazade. Hún starfar sem tónlistarkennari við Tónlistarskóla Árnesinga og Kópavogs.

Joseph Jongen
1873–1953

Dance Lente

Eugène Bozza
1905–1991

Deux impressions
La fontaine de la villa medicis
La danse D'elké

Atli Heimir Sveinsson
f. 1938

Grátittlingurinn - *Jónas Hallgrímsson*
Desember - *Jón úr Vör*
Alsnjóa - *Jónas Hallgrímsson*
Móðurást - *Jónas Hallgrímsson*
Bráðum kemur betri tíð - *Halldór Laxness*
Erlustef - *ókunnur höfundur*
Vorið góða - *Jóhannes úr Kötlum*
Vorvísur úr barnabók
- *Ólafur Jóhann Sigurðsson*
Sumarnótt - *Snorri Hjartarsson*
Heylóarvísa - *Jónas Hallgrímsson*
Örstef : Fimm smápættir fyrir flautu

Anna Þorvaldsdóttir
f. 1977

Almanaksljóð eftir *Bolla Gústafsson*
Ljóðaflokkur 14 ljóða
úr ljóðabókinni *Borðnautar*